

Atvinnuveganefnd Alþingis

Hafnarfjörður, 28.3.2023  
2022-10-0552

**Málefni: Athugasemdir Hafrannsóknastofnunar við frumvarp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (153. löggjafarþing, þingskjal 105 – 105. mál).**

Hafrannsóknastofnun gerir athugasemd við b) -lið 1. gr. í breytingatillögum. Þar er kveðið á um að afli sem fæst við strandveiðar verði ekki takmarkaður þegar hámarksafla er náð. Skilja má því að breytingin heimili veiðar umfram ráðlagðan hámarksafla. Slík breyting telur stofnunin að samræmist ekki þeirri sjálfbærnistefnu við stjórn fiskveiða sem stjórnvöld hafa sett sér með því að stjórna veiðum samkvæmt aflareglum og vísindalegri ráðgjöf sem byggir á varúðarnálgun og hámarksafrakstri til lengri tíma litið. Því telur stofnunin að ef frumvarpið verði að lögum þurfi að taka tillit til áætlaðs afla í frjálsum veiðum við úthlutun aflamarks.

Þær aflareglur sem íslensk stjórnvöld hafa sett á undanförunum árum og áratugum hafa það að meginmarkmiði að stuðla að hámarksafrakstri til lengri tíma innan ramma þess sem varúðarnálgun gefur. Þetta þýðir að ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar sem byggir á áðurnefndum aflareglum er hámarksafla sem hægt er að veiða á hverju ári. Sé veitt umfram það sem aflareglur stjórnvalda kveða á um er hætta á að að veiðar verði meiri en stofninn getur staðið undir til lengri tíma litið.

Ef litið er til þróunar ráðgjafar, setts aflamarks og afla í helstu botnfisktegundum eins og þorski og ýsu má sjá að aflamark hefur á síðari árum alltaf verið sett jafnt ráðgjöf. Landaður afli hefur hinsvegar oft verið umfram sett aflamark. Rétt er þó að taka fram að bilið milli afla og aflamarks hefur minnkað verulega á undanförunum árum sem er jákvæð þróun. Það að nýtingarstefnu hafi verið fylgt og að stjórn veiðanna hafi leitt til þess að afli hefur verið nálægt því sem stefnt er að má telja megin ástæðu þess að ástand helstu nytjastofna er gott hér við land. Þá er átt við stærð hrygningarstofna og aldursdreifingu í stofnum.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna,



Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir